

Samband íslenskra sjóminjasafna

Fornbátaskrá – Skýrsla nr. 1

Inngangur



Reykjavík

2019

Skýrsluröðin

1. Inngangur
2. Byggðasafnið Garðskaga
3. Byggðasafn Reykjanesbæjar
4. Byggðasafn Hafnarfjarðar
5. Borgarsögusafn Reykjavíkur
6. Byggðasafnið í Görðum, Akranesi
7. Sjóminjagarðurinn, Hellisandi
8. Sögumiðstöðin í Grundarfirði
9. Hákarlasafnið í Bjarnarhöfn, Snæfellsnesi
10. Byggðasafn Dalamanna, Laugum í Sælingsdal
11. Bátasafn Breiðafjarðar, Reykhólum 1
12. Bátasafn Breiðafjarðar, Reykhólum 2
13. Minjasafn Egils Ólafssonar, Hnjóti
14. Byggðasafn Vestfjarða, Ísafirði
15. Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna, Reykjum, Hrútafirði
16. Síldarminjasafn Íslands, Siglufirði
17. Iðnaðarsafnið á Akureyri
18. Menningarmiðstöð Þingeyinga, Safnahúsið á Húsavík
19. Tækniminjasafn Austurlands, Seyðisfirði
20. Sjóminjasafn Austurlands, Eskifirði
21. Menningarmiðstöð Hornafjarðar
22. Skógasafn, V-Skaftafellssýslu
23. Sagnheimar, Vestmannaeyjum
24. Sjóminjasafnið Eyrarbakka
25. Þjóðminjasafn Íslands
26. Stakir bátar
27. Bátar eldri en 1950 á skipaskrá Samgöngustofu
28. Eftirmáli

Tilgangurinn með skráningunni

Að gerð þessarar bátaskrár stendur Samband Íslenskra sjóminjasafna (SÍS). Tilgangurinn með henni var að safna upplýsingum um fornbáta landsins og gefa yfirlit yfir stöðu bátaverndar í landinu, hvaða bátar hafa verið teknir til varðveislu, lýsa þeim, segja sögu þeirra o.fl. Lögð var áhersla á gildi einstakra báta en einnig að fá yfirsýn yfir hvað til er í landinu og draga fram sérstöðu bátanna sem hluta af heild.

Skráin mun vonandi stuðla að bættri bátavernd og auðvelda alla vinnu við ákvarðatökur um hvað æskilegt sé að varðveita til framtíðar og hvað ekki. Það getur bæði átt við um ný aðföng á söfnum, báta sem ekki hafa hlotið formlega viðurkenningu sem safngripir og grisjun, en þá er yfirsýn grundvallaratriði. Þá mun skráin væntanlega einnig koma að gagni við styrkveitingar.

Ennfremur er skránni ætlað er að gera bátaarfinn sýnilegan umfram það sem nú er í þeirri von að auka skilning stjórnvalda og almennings á gildi hans. Skráin mun jafnframt stórbæta aðgengi almennings að þessum hluta menningararfsins og auðvelda frekari rannsóknarvinnu.

Á Íslandi er ekki til bátafriðunarsjóður. Hann hefur lengi verið mikið áhugamál þeirra sem að málinu koma og verið til umræðu á Alþingi í tvígang, árin 2000 og 2011, en aldrei orðið að veruleika. Nú er hægt að sækja um styrki í fornminjasjóð fyrir viðhaldi á bátum, sérstaklega þeim sem eru eldri en 1950. Framlög í sjóðinn eru hins vegar allt of lág til að sinna öllum þeim verkefnum sem honum eru falin, m.a. fyrir það að honum er einnig ætlað að fjármagna fornleifarannsóknir í landinu.

Á Íslandi hafa opinber minjasöfn fengið það hlutverk að varðveita fornbáta og flestir bátarnir sem hér eru skráðir eru í eigu þeirra. Í nágrennalöndunum er algengt að einstaklingar og félagasamtök eigi fornbáta og leggi til sjálfbodaliðsvinnu og jafnvel fjármuni í því skyni halda fleytum sínum á sjó og í góðu standi. Til þess eru þeir hvattir af opinberum aðilum sem greiða fyrir efniskostnað og fleira. Afar gagnlegt væri ef fyrirkomulag af því tagi kæmist á héraendis í auknum mæli. Tekið skal fram að hér er ekki átt við báta í atvinnurekstri.

Það háir einnig fornbátavernd héraendis að stjórnsýslulegt utanumhald skortir á borð það sem tíðkast í öðrum löndum og sem Minjastofnun Íslands annast fyrir byggingar. Því til viðbótar vantar sérfræðing í fornbátavernd hliðstæðan fornleifafræðingum sem sinna jarðfundnum minjum.

Samhliða fornbátaskránni voru teknar saman staðlaðar verklagsreglur um mat á varðveislugildi báta og verða þær gerðar aðgengilegar á netinu.

Hvaða bátar eru skráðir?

Skrá þessi nær ekki yfir alla fornbáta á Íslandi enn sem komið er. Hún tekur til báta í vörslu safna, sýninga og setra ásamt bátum sem eru á skipaskrá Samgöngustofu, þ.e. eru sjófærir, og eru eldri en 1950. Heildarfjöldinn er um 190, þar af eru á skipaskrá Samgöngustofu um 10%.

Bátar eldri en 1950 eru friðaðir skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Í þeim lögum voru bátar einnig skilgreindir sem menningarminjar í fyrsta skipti.

Með því að sníða skránni þennan stakk er hún skýrt afmörkuð. Fyrirhugað er að halda skráningunni áfram sem fyrst með því að láta hana ná einnig til:

- báta eldri en 1950 sem hvorki eru á skipaskrá Samgöngustofu né í umsjón safna
- báta sem smíðaðir voru á árunum 1950-1970

Nú þegar liggja fyrir upplýsingar um töluverðan fjölda báta í eigu einstaklinga, félagasamtaka og hópa sem ekki eru gerð skil hér. Má t.d. nefna elsta bát landsins, áttæringinn Breið frá Vigur á Ísafjarðardjúpi, venjulega kallaður Vigur-Breiður, og teinæringinn Egil frá Hvallátrum á Breiðafirði. Báðir eru þeir varðveittir á þurru landi en að auki fyrirfinnast allmargir árabátuar og opnir vélbátar sem enn eru í notkun. Skráning þessarra báta og fleiri er sérstakt verkefni sem stefnt er að því að vinna í náninni framtíð.

Þá skal þess getið að gert ráð fyrir að fornbátaskráin verði lifandi, þ.e. að hún verði uppfærð reglulega. Nýjar upplýsingar munu koma fram í dagsljósið þegar frá líður, t.d. þegar skráin kemur fyrir augu almennings og þegar gerðar verða sérstakar ransóknir á einstökum bátum. Einnig þarf að hafa í huga að líftími báta er mun minni en t.d. húsa, sérstaklega ef ekki er sinnt um viðhald þeirra sem skyldi af einhverjum ástæðum.

Fyrri bátaskrár

Hér á eftir fer listi yfir eldri skrár sem stuðst var við í skráningunni.

- 1 *Skipaskrá Samgöngustofu* (áður Siglingastofnunar): Hér eru bátar sem eru eldri en 1950 og þar með aldursfriðaðir. Í henni eru 16 bátar og skip 6 m og lengri sem eru á sjó og í notkun.
- 2 *Sarpur*, menningarsögulegur gagnagrunnur. Þar eru um 70 bátar.
- 3 *Lúðvík Kristjánsson: Íslenskir sjávarhættir II*. Þar er gerð grein fyrir fjölda báta frá árabátatímanum á ítarlegan hátt.
- 4 *Bátar og sjóminjar í eigu Þjóðminjasafns Íslands*. Seðlasafn Þórs Magnússonar. Byrjað var að leggja drög að seðlasafninu 1967 og unnið að því á næstu árum fram til 1994. Hér eru m.a. upplýsingar um báta sem brunnu árið 1993 í Vesturvör 14 í Kópavogi.
- 5 *Jón Allansson: Bátar í eigu minjasafna á Íslandi og annarra en safna*. Gert haustið 1995. Fjölrit.

- 6 Jón Björnsson: *Íslensk skip I-V og Íslensk skip. Bátar I-IV*. Rvk. 1990-1999.
- 7 Nokkrar skrár frá árunum 2000-2002 sem Ágúst Ó. Georgsson fékk sendar frá einstökum byggðasöfnum.
- 8 *Fornbátaskrá Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar*, SVS. Umsjónarmaður: Sigurbjörg Árnadóttir. Síðast vann Sölmundur Pálsson við skrána. Í henni eru um 200 bátar og skip, myndir af þeim og lausleg umfjöllun. Gildi skrárinnar liggur ekki síst í skráningu báta frá árunum 1950-1970.
- 9 *Bátar í eigu Þjóðminjasafns Íslands*. 23 bátar, greinargerð með myndum.
- 10 *Bátar í eigu Borgarsögusafns*. Höf.: HMS 2015
- 11 *Bátar í eigu og umsjá Bátasafns Breiðafjarðar*. Fjöldi báta um 30, þar af 17 eldri en 1950. Höf.: Sigurður Bergsveinsson. Útg. 2017.

Skrá Jóns Allanssonar, *Skýrsla. Bátar í eigu minjasafna á Íslandi og annarra en safna*, var fyrsta heildaryfirlitið hingað til um íslenska fornþáta og –skip sem sett hafði verið saman. Hún átti sér sérstaka sögu. Árið 1993 varð bátaskýli Þjóðminjasafns Íslands / Sjóminjasafns Íslands í Kópavogi eldi að bráð og eyðilögðust þá margir bátar. Í kjölfarið hafði Þjóðminjasafnið frumkvæði að því að Sjóminjasafnið réðst í að taka saman skrá yfir báta, mest í eigu safna en aflaði einnig upplýsinga um aðra báta. Forstöðumaður Sjóminjasafnsins, Jón Allansson, fór nokkrar vettvangsferðir um landið á árunum 1993-1995, aflaði upplýsinga um báta og tók af þeim myndir.

Skýrsla Jóns kom út í fjölríti 1996 og var henni dreift á þau söfn sem komu við sögu í henni. Þar er meðal annars gerð grein fyrir 41 bát „sem minjasöfn geta fengið í framtíðinni“, m.a. Þjóðminjasafnið, og hefur hún því átt að upplýsa um hvort safnið ætti þess kost að fá önnur eintök af bátum í stað þeirra sem höfðu brunnið 1993.

Um Sarp

Á árunum 2010-2011 fóru fram viðræður milli starfsmanna Þjóðminjasafns Íslands og Rekstrarfélagsins Sarps um möguleika á að taka saman sérstaka skrá yfir alla báta sem færðir höfðu verið í menningarsögulega gagnasafnið Sarp. Einnig var rætt um að setja inn alla aðra þekktu fornþáta með það fyrir augum að búa til heildaryfirlit, þótt þeir væru ekki í eigu safna. Með því að nýta Sarp þyrfti ekki að slá inn upplýsingar sem þegar lágu fyrir og við innslátt á nýjum upplýsingum yrðu kostir viðurkennds skráningarkerfis nýttir, þ.á.m. innsetning myndefnis. Fyrir þessu fékkst ekki leyfi þar sem eigendur hlutaðeigandi báta áttu ekki formlega aðild að Sarpi. Niðurstaðan varð því sú að byrja á skrá sem eingöngu náði til báta Þjóðminjasafns Íslands enda hefur hvert safn aðeins skrifaðgang að sínum eigin gögnum og er hann lokaður öðrum. Nokkru síðar voru önnur söfn fengin til samstarfs og átti hvert og eitt þeirra að setja upplýsingar um sína báta í sameiginlega möppu með heitinu *bátar skráðir í Sarp* sem öll söfnin höfðu lesaðgang að. Jafnframt var hugmyndin að hvert safn yfirfæri sína skráningu og bætti inn upplýsingum eftir því sem þurfa þótti þannig að allir legðu sitt af mörkum. Alls 73 bátar frá hinum ýmsu söfnum voru settir inn í þessa möppu. Kostirnir við að nota Sarp eru miklir leitarmöguleikar og var þetta því viss áfangasigur.

Skráningarferlið

Vinna við samantekt þessarar skrár stóð yfir á árunum 2016-2018, og hefur samanlagður tími verið hátt í tvö ár. Skýrsluhöfundar byrjuðu á að kynna sér hvernig staðið var að þessum málum erlendis, sérstaklega á Norðurlöndunum. Það auðveldaði mjög þessa vinnu að miklar upplýsingar var að finna á netinu. En einnig var haft samband við og farið í heimsóknir til sérfræðinga þessara landa. Skráningarform voru svolítið mismunandi á milli landanna en á endanum var það norska haft til fyrirmyndar. Það var mjög ítarlegt og reyndist henta íslenskum aðstæðum vel. Segja má að formið sem notað er í þessari skýrslu sé þýtt og staðfært úr norsku enda er engin ástæða til að að finna oft upp hjólið. Nánar er gerð grein fyrir skráningarforminu í eftirmála.

Höfundur flestra skýrslanna er Helgi Máni Sigurðsson, sérfræðingur skráningar og rannsókna á Borgarsögusafni. Ágúst Ólafur Georgsson, sérfræðingur Þjóðháttasafns Þjóðminjasafns Íslands, tók eftirtaldir skýrslur saman: Sjómannagarðurinn á Hellisandi, Sögumiðstöðin í Grundarfirði, Hákarlasafnið í Bjarnarhöfn, Byggðasafn Dalamanna og Þjóðminjasafn Íslands.

Sjórn SÍS myndaði þriggja manna starfshóp sem fundaði reglega og hafði mikið samráð sín á milli. Gjaldkeri sambandsins, Aníta Elefsen, safnstjóri Síldarminjasafnsins á Siglufirði, tók þátt í umræðum um mótun efnisatriða auk þess að halda utan um fjármálin með styrkri hendi.

Verklag var alltaf með svipuðum hætti. Eitt safn var tekið fyrir í senn og kannað hvaða bátar voru í fyrirbyggjandi skrá. Síðan var hringt og gengið úr skugga um hvort fleiri bátar hefðu bæst við síðustu árin eða einhverjir hellst úr lestinni. Þá var tekið til við að safna heimildum um bátana, hvern fyrir sig og fyllt inn í efnisatriðalistann.

Það er alltaf álitamál hve langt á að fara í heimildaleit fyrir skráningu sem þessa. Sennilega finnst ýmsum að eitt og annað sé tínt til sem ekki hafi mikið vægi. Og kannski má segja að gert hafi verið frekar meira en minna, t.d. varðandi upplýsingar um þá menn sem tengdust bátunum. Þó má margt tína til í viðbót við það sem hér er nefnt. Og þó að lögð hafi verið áhersla á tilvísanir og heimildaskrár þá kann eitthvað að hafa yfirsést þar.

Vettvangsferðir - ljósmyndir

Auk þess að kanna skriflegar og munnlegar heimildir fóru skýrsluhöfundar í vettvangsferðir á söfnin, Helgi þó flestar. Þá voru bátarnir myndaðir í bak og fyrir, mældir ef málin á þeim voru ekki til staðar og gerð almenn úttekt á ástandi þeirra, geymsluskilyrðum o.fl. Safnverðirnir greiddu götu okkar eins og þeim var unnt og er þeim hér með þakkað fyrir samstarfið.

Vettvangsferðirnar voru tímafrekar en skiluðu ótvíræðum árangri, mikilvægar upplýsingar fengust og starfsmenn safnanna tóku virkan þátt í verkinu.

Það eykur gildi skráningarinnar að í vettvangsferðunum voru teknar nokkrar myndir af hverjum bát og eru þær mikilvægustu birtar í skránni. Ennfremur var falast eftir myndum úr eigu safnanna af bátunum frá ýmsum tímum og er leitast við að birta bæði gamlar myndir og nýjar í skránni.

Þegar eldri myndir voru ekki til staðar í eigu safnanna var leitað að þeim á netinu og skilaði það drjúgum árangri. Lögð var áhersla á að fá heimild til birtingar þeirra mynda hjá eigendum þeirra.

Að lokum

Þess skal getið að ekki var talið nauðsynlegt að samræma innra form skýrslanna að öllu leyti. Skýrslurnar eru fyrst og fremst grunnplögg sem hægt er að vinna með á ýmsan hátt eins og t.d. að taka saman upp úr þeim flokkaðar skrár, smíðaeefni, hlutverk, tegundir, skrár yfir árabáta, opna vélbáta og þilfarsbáta svo eitthvað sé nefnt.

Varðandi prófarkalestur og frágang þá hefði mátt leggja meira í slíkt. En höfð var hliðsjón af því að um var að ræða vinnuþagg, ekki formlega útgefið efni.

Báatskráin var styrkt á myndarlegan hátt af Safnasjóði og Fornminjasjóði og er þeim þakkað fyrir ómetanlegan stuðning. Einnig ber að þakka Borgarsögusafni, Þjóðminjasafninu og Síldarminjasafninu fyrir fyrir þeirra framlag, þ.e. vinnu starfsmanna þeirra sem stjórnarmanna SÍS en hún fór að hluta fram í vinnutíma þeirra.

Samband íslenskra sjóminjasafna, SÍS, var stofnað árið 2006 og eiga 20 söfn, setur og sýningar aðild að því. Helstu markmið sambandsins eru að efla varðveislu sjóminja, að hvetja til rannsókna á þeim, að standa sameiginlega að kynningu á sjóminjum Íslands, efna til umræðna um þær og að berjast fyrir stofnun bátafriðunarsjóðs. Þeir fjármunir sem SÍS hefur úr að spila eru annars vegar árgjöld aðildarfélaganna og hins vegar opinberir styrkir.

Helgi Máni Sigurðsson
Ágúst Ólafur Georgsson